

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Skýrsla stjórnar.....	2
Deiliskipulag urðunarsvæðisins.....	2
Starfsleyfi.....	3
Kjötmjölsverksmiðja og reglur um meðferð sláturúrgangs.....	3
Skipulag úrgangsstjórnunar á Suðurlandi.....	4
Fyrirtækið og starfsemi þess.....	5
Starfsmenn.....	5
Eignaraðilar.....	5
Afkoma.....	6
Gjaldskrá.....	6
Starfsemin á urðunarsvæðinu.....	7
Flokkunarverkefni á vegum sveitarfélaga og fyrirtækja.....	8
Brotajárn.....	8
Sláturúrgangur.....	8
Skilagjaldsumbúðir.....	9
Pappír.....	9
Fernur.....	9
Bylgjupappír.....	10
Timbur.....	10
Hjólbarðar.....	10
Spilliefni.....	10
Ýmis verkefni.....	11
Flokkunarmerki.....	11
Upplýsingamál.....	11
Ný lög og reglugerðir.....	11
Pappírspokinn.....	12
Viðaukar.....	13

Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands fyrir starfsárið 2003 – 2004 er fjallað um störf stjórnarinnar á milli aðalfunda 2003 og 2004, grein gerð fyrir starfsemi fyrirtækisins á síðasta ári og einnig fjallað um ýmis þau verkefni sem fyrirtækið hefur látið til sín taka eða verið þátttakandi í með öðrum aðilum.

Skýrsla stjórnar

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir störfum stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 23. apríl 2003. Í stjórn sátu: Aðalmenn; Einar Njálsson, formaður, Ágúst Ingi Ólafsson og Ólafur Áki Ragnarsson. Varamenn; Ingunn Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson og Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. Ólafur Áki sagði af sér í mars sl. og tók Orri Hlöðversson sæti hans. Skoðunarmenn; Bjarki Reynisson og Ragnar Sær Ragnarsson.

Frá aðalfundi hefur stjórnin haldið 11 formlega fundi auk annarra funda sem haldnir hafa verið um þau mál sem hafa verið á döfinni. Hér verður gerð grein fyrir þeim málum sem hafa verið á döfinni hjá stjórninni.

Skýrsla um möguleika á útvíkkun á starfsemi fyrirtækisins

Í kjölfar ályktana aðalfundar og aukaaðalfundar SASS 2002 um samvinnu SASS og Sorpstöðvar Suðurlands samþykkti stjórn Sorpstöðvarinnar að láta kanna möguleika á samruna eða auknu samstarfi við fyrirtæki á Suðurlandi og Suðurnesjum sem starfa á sviði flokkunar, söfnunar og förgunar úrgangs og einnig að kanna grundvöll þess að taka fleiri verkefni að sér fyrir sveitarfélögin, svo sem rekstur gámasvæða og útboð sorphirðu.

Stjórn Sorpstöðvarinnar réð Fannar Jónasson viðskiptafræðing í ársbyrjun 2003 til verksins og skilaði hann skýrslu í byrjun þessa árs. Niðurstaða hennar er sú að ekki sé unnt, með sameiningu sorpfyrirtækja á Suðurlandi, að skapa nægilega öflugt fyrirtæki til að bera sjálfstæða yfirstjórn. Enn fremur telur skýrsluhöfundur að ekki liggi fyrir skýrar vísbendingar um möguleika á stærri sameiningu t.d. við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja þó áhugi á samstarfi sé ótvíræður.

Stjórnin metur niðurstöðu skýrslunnar svo að breyting á samstarfi um ráðningu framkvæmdastjóra muni leiða til aukinna útgjalda fyrir Sorpstöðina. Stjórnin tekur undir það sjónarmið skýrslunnar að það sé stjórnar SASS að taka ákvörðun um að hætta samstarfi um sameiginlegan framkvæmdastjóra. Ef sú verður niðurstaðan mun stjórn Sorpstöðvarinnar takast á við úrlausn þess verkefnis.

Deiliskipulag urðunarsvæðisins.

Undanfarin ár hefur staðið ágreiningur við Sveitarfélagið Ölfus um framkvæmd deiliskipulags í Kirkjuferjuháleigu. Á síðasta ári virtist sem sá ágreiningur væri að leysast á grundvelli tillögu Landforms ehf. um lokafrágang urðunarreina. Af þeirri ástæðu var kæra Sorpstöðvarinnar til úrskurðanefndar skipulags- og byggingarmála, vegna þeirra ákvörðunar Sveitarfélagsins Ölfuss að beita fyrirtækið dagsektum vegna brota á deiliskipulagi, dregin til baka að beiðni sveitarfélagsins um mitt

síðasta ár. Lítið gerðist þó í kjölfarið og ákvörðun sveitarfélagsins um dagsektir var ekki dregin formlega til baka.

Frá síðustu áramótum hafa verið gerðar alvarlegar tilraunir til að ná niðurstöðu og samkomulagi í málinu. Fundir hafa verið haldnir með fulltrúum Umhverfissráðuneytis, Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar ásamt ráðgjöfum. Nú liggja fyrir bréf annars vegar frá Skipulagsstofnun dags. 15. mars sl. þar sem kemur fram að hún telur að ekki sé hægt að lækka hæð núverandi urðunarreina og leggur til að að gert verði nýtt deiliskipulag fyrir urðunarsvæðið og hins vegar frá Umhverfisstofnun frá 31. mars sl. þar sem kemur fram að stofnunin telur ljóst að lækkun urðunarreina muni brjóta í bága við ákvæði starfsleyfis vegna mengunarhættu en tekur jafnframt fram að brýnt sé að ná sátt um málið svo endanlegur frágangur á fullnýttum urðunarreinum geti hafist. Undir þá skoðun tekur stjórnin af heilum hug.

Starfsleyfi

Hollustuvernd ríkisins gaf út nýtt starfsleyfi 12. desember 2002 til næstu 8 ára. Ábúendur Auðsholtshjáleigu kærðu starfsleyfið til Umhverfissráðuneytisins. Úrskurður barst 23. júní á síðasta ári og var öllum ákæruatriðum hafnað og starfsleyfið látið standa óbreytt.

Kjötmjölsverksmiðja og reglur um meðferð sláturúrgangs.

Eftir margvísleg áföll og erfiðleika varð að grípa til þess óyndisúrræðis síðastliðið haust að óska eftir gjaldþrotaskiptum fyrirtækisins. Sorpstöð Suðurlands var frá upphafi stærsti hluthafi í Kjötmjöli ehf. Gerðar voru margvíslegar ráðstafanir til að skjóta styrkari stöðum undir fyrirtækið en þá riðu yfir enn meiri áföll þannig að ekki voru lengur forsendur fyrir rekstri fyrirtækisins miðað við þær skuldir sem á því hvíldu með tilheyrandi greiðslubyrði. Í ljósi þessa hefur hlutafé Sorpstöðvarinnar, samtals kr. 33.440.000, verið afskrifað. Brýnt er vegna umhverfis- og heilbrigðisástæðna að starfsemi kjötmjölsverksmiðjunnar verði tryggð til frambúðar, en fyrirtækið er nú í eigu KB banka og verður væntanlega selt á næstu mánuðum. Í þessu sambandi er mjög mikilvægt að nefnd sem hefur verið að störfum á vegum landbúnaðarráðuneytisins, sem er ætlað að setja fram tillögur að breytingum á lögum og reglugerðum varðandi starfsemi kjötmjölsverksmiðja hraði störfum sínum.

Stjórnin samþykkti í haust að setja sérstakar reglur um meðhöndun sláturúrgangs með hliðsjón af því að möguleikar sköpuðust á mun virkari eyðingu á hugsanlegum smitefnum í sláturúrgangi en verið hefur. Ástæðan er sú að kjötmjölsverksmiðjuinni í Hraungerðishreppi var breytt úr fódurverksmiðju í eyðingarverksmiðju sl. haust. Þessi breyting hafði það í för með sér að hægt er að taka allan sláturúrgang til meðhöndlunar í verksmiðjunni sem og sjálfdaudan og sýktan búpening. Fram að þessu hafði verksmiðjan aðeins mátt taka við úrgangi af heilbrigðum skepnum og þannig hefur t.a.m. þurft að urða allt sem hefur fallið til á riðuveikisvæðum.

Markmið þessara reglna er að lágmarka áhættuna á að sjúkdómasmit berist inn á eða út af urðunarsvæðinu. Meginatriði reglnanna eru þau að óheimilt er að urða úrgang frá sláturhúsum og kjötvinnslum á urðunarsvæðinu nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum: að úrgangurinn fái hitameðhöndlun og þurrkun fyrir förgun, lágmarkshitameðferð er 70°C í 60 mínútur og þurrrefnisinnihald verði a.m.k. 90 % og að hann berist í lokuðum ílátum eða lokuðum stórsekkjum til stöðvarinnar. Heimilt

er að veita undanþágu frá reglum þessum ef rekstur stöðvast af óviðráðanlegum ástæðum hjá þeim aðila sem meðhöndlar úrganginn.

Í ljósi þess sem ofan er rakið var talið eðlilegt að beina sláturúrgangi sem fellur til á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands til meðhöndlunar hjá kjötmjölsverksmiðjunni í Hraungerðishreppi áður en hann kæmi til urðunar í Kirkjuferjuháleigu.

Þær hugmyndir hafa heyrst að skynsamlegt væri að sameina starfsemi Sorpstöðvarinnar og kjötmjölsverksmiðjunnar vegna þess að með þeim hætti yrðu best tryggð þau markmið sem bæði þessi fyrirtæki hafa auk samlegðaráhrifa sem fylgdu sameiningu. Til þessara hugmynda þurfa eigendur sveitarfélaga hugsanlega að taka afstöðu á næstu mánuðum ef kjötmjölsverksmiðjan verður til sölu á eðlilegu verði.

Skipulag úrgangsstjórnunar á Suðurlandi

Á síðasta ári skipulagði Sorpstöðin ferð stjórnenda sunnlenskra sveitarfélaga til Danmerkur til að kynna sér fyrirkomulag úrgangsmála í Danmörku. Heimsóttir voru tveir staðir í Danmörku, Næstved á Sjálandi og Vejle á Jótlandi, þar sem menn kynntu sér fyrirkomulag sorphirðu, flokkunar, endurvinnslu, og förgunar. Einnig voru skoðaðar hreinsistöðvar og fráveitur. Ferðin var mjög gagnleg. Ákveðið var að halda hópnum saman og nú í vetur var farið í kynnisferð til Umhverfisstofu Reykjavíkurborgar og Sorpu þar sem starfsemin var skoðuð. Einnig hafa verið haldnir fundir með fulltrúum sorphirðufyrirtækja sem hafa starfsemi á Suðurlandi. Í desember sl. voru lagðar fram tillögur um eftirfarandi:

- a. að koma á beinum viðskiptum fyrirtækja og sorphirða án sveitarfélags sem milliliðar,
- b. að breyta gjaldskrám þannig að tryggt verði að 90% af sorphirðu- og eyðingarkostnaði innheimtist á árinu 2004,
- c. að sundarliða útgjöld vegna sorpmála betur í bókhaldi, ekki síst vegna endurgreiðslna úr Úrvinnslusjóði,
- d. að breyta samþykktum með það að markmiði að auka flokkun og endurvinnslu og minnka úrgang,
- e. að koma á tunnukerfi í sorphirðingu í stað pokakerfis og að taka upp nýjar gjaldskrár 2005 sem endurspegli fyrrnefndar breytingar.

Á síðasta fundi hópsins í apríl var síðan hnykk á þessum tillögum og var samþykkt að leggja til við sveitarfélögin að stefnt yrði að því um næstu áramót að taka upp tunnukerfi í sorphirðingu og jafnframt að gjaldskrá og samþykktum um sorphirðu yrði breytt um leið. Kjarni þessara tillagna er sá að reynt verði að auka flokkun og draga úr sorpmagni með því að gefa íbúum kost á mismunandi stórum ílátum/mismunandi tíðni sorphirðu gegn misháu gjaldi í samræmi við það. Ákveðið var að setja af stað starfshóp þeirra sveitarfélaga sem hafa áhuga á að vera með í þessum breytingum í samvinnu við Sorpstöð Suðurlands.

Samstarfssamningur við Suðurnesjamenn.

Viðræður hófust við Sorpeyðingu Suðurnesja á síðasta ári um aukið samstarf. Drög að rammasamningi liggja fyrir, í þeim er gert ráð fyrir ákveðinni verkaskiptingu hjá fyrirtækjunum og samstarfi um ráðgjöf o.fl.

Ný urðunarrein.

Í byrjun þessa árs var hafinn undirbúningur að nýrri urðunarrein, en reiknað er með sú rein sem urðað er í nú verði fullnýtt fyrir árslok. Verkið var boðið út og var nýlega gengið frá samningi við Afrek ehf. og ET hf. en fyrirtækið bauð kr. 22.318.400 í verkið sem nam 73,0 % af kostnaðaráætlun, en hún hljóðaði upp á kr. 30.573.400. Til viðbótar kemur kostnaður vegna þéttidúks sem nemur um 4 milljónum króna.

Alls buðu 10 fyrirtæki í verkið, en lægstbjóðandi dró tilboð sitt til baka og var þá gengið til samninga við ofangreint fyrirtæki sem bauð næst lægst. Framkvæmdir eru hafnar og verður þeim lokið um miðjan júní.

Lokaorð

Miklar breytingar eiga sér nú stað í umhverfismálum sem snerta starfsemi Sorpstöðvarinnar. Sett hafa verið ný lög um meðhöndlun úrgangs og um sorpurðun ásamt tilheyrandi reglugerðum og er með þeim lögum verið að setja í lög ákvæði Evrópusambandstilskipana og er von á áframhaldandi breytingum á þessu sviði. Þá hefur Umhverfisráðuneytið nýlega gefið út Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004 - 2016 í samræmi við ofangreind lög. Mikilvægt er að fylgjast vandlega með þessari þróun til að sunnlensk sveitarfélög verði í stakk búin til að takast á við ný verkefni sem þeim er ætlað að leysa. Sorpstöð Suðurlands er öflugt tæki sem sveitarfélögin eiga tvímælalaust að nýta til að vera áfram í fremstu röð í umhverfismálum á Íslandi.

Að lokum þakkar stjórn og framkvæmdastjóri starfsmönnum, aðildarsveitarfélögunum og öðrum sem samskipti hafa átt við fyrirtækið fyrir samstarfið undanfarið ár.

Fyrirtækið og starfsemi þess

Starfsmenn

Fastir starfsmenn fyrirtækisins í fullu starfi eru þrír. Arnar Árnason stjórnar rekstri urðunarsvæðisins eins og verið hefur. Með honum starfar Kristinn Sigtryggsson vélamaður. Guðmundur Tr. Ólafsson umhverfisfræðingur vinnur að ráðgjafar- og þróunarstörfum fyrir Sorpstöðina, aðildarsveitarfélög hennar og fyrirtæki á svæði stöðvarinnar. Einng starfar afleysingamaður á urðunarsvæðinu á sumrin. Framkvæmdastjóri SASS fer jafnframt með framkvæmdastjórn fyrirtækisins og aðrir starfsmenn samtakanna sinna síðan öðrum störfum fyrir stöðina.

Eignaraðilar

Eignaraðilar Sorpstöðvar Suðurlands eru nú samtals 11. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur á bak við sig 3 sveitarfélög þannig að í raun eru 13 sveitarfélög á Suðurlandi sem standa að Sorpstöðinni. Eignarhlutföll, sem miðast við eigið fé Sorpstöðvarinnar um síðustu áramót, eru sýnd í eftirfarandi töflu, sem og hlutdeild eignaraðilanna í eigin fé fyrirtækisins:

Eignarhlutföll og skipting eigin fjár í Sorpstöð Suðurlands 2003

Eignaraðilar	Íbúafjöldi	Eignarhlutfall	Eignarhlutur
	31. 12. 03		
Árborg	6.326	39,04	34.245.786
Bláskógabyggð	905	5,59	4.899.215
Gaulverjabæjarhr.	135	0,83	730.822
Grímsnes- Grafningshreppur	344	2,12	1.862.243
Hraungerðishreppur	197	1,22	1.066.459
Hrunamannahreppur	731	4,51	3.957.267
Hveragerði	1.902	11,74	10.296.472
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	528	3,26	2.858.327
Sorpstöð Rangárvallasýslu	3.249	20,05	17.588.454
Villingaholtshreppur	180	1,11	974.430
Ölfus	1.706	10,53	9.235.427
Alls	16.203	100	87.714.901
Eigið fé samtals			87.714.901

Afkoma

Afkoma fyrirtækisins af reglulegri starfsemi var góð á síðasta ári. Rekstrarafgangur eftir afskriftir og fjármagnsgjöld og fyrir óregluleg gjöld varð um 6,3 milljónir króna. Eiginfjárstaða fyrirtækisins er sterk og er eigið fé fyrirtækisins nú tæplega 88 milljónir króna. Handbært fé í árslok er um 23,5 milljónir króna og hækkar um 13 milljónir króna á milli ára. Staða fyrirtækisins er því traust sem er mikilvægt því miklar framkvæmdir eru framundan bæði við nýja urðunarrein og lokafrágang fullnýtttra urðunarreina. Mjög mikilvægt er að tryggja áframhaldandi trausta fjárhagsstöðu fyrirtækisins, bæði til að standa með hagkvæmum hætti að kostnaðarsömum framkvæmdum og einnig til að geta brugðist við sívaxandi kröfum sem m.a. birtast í tilskipunum Evrópusambandsins sem nú hafa verið lögteknað m.a. um rekstur urðunarsvæða.

Gjaldskrá

Gjaldskrá hækkaði um síðustu áramót um 3,5 % í samræmi við verðlagsþróun samkvæmt ákvörðun stjórnar og heimild aðalfundar.

Samkvæmt samþykktum Sorpstöðvarinnar skal aðalfundur ákvarða endanlega um gjaldskrá og leggur stjórn til að hann staðfesti gjaldskrána eins og hún er nú með heimild til stjórnarinnar að hún geti endurskoðað hana og breytt ef rík ástæða þykir til. Gjaldskráin er eftirfarandi:

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum:	kr. 3.15 pr/kg.
Gjald fyrir ómeðhöndlaðan sláturúrgang:	kr. 6.15 pr/kg.
Gjald fyrir meðhöndlaðan sláturúrgang:	kr. 4.90 pr/kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp:	kr. 5.95 pr/kg.
Gjald fyrir seyru:	kr. 1.25 pr/kg.
Afgreiðslugjald pr. losun:	kr. 980.00
Gjald fyrir trjáurlara:	kr. 2.740 pr/klst.


Allar tölur eru án virðisaukaskatts.



Starfsemin á urðunarsvæðinu

Starfsemin í Kirkjuferjuháleigu hefur á síðasta starfsári verið með venjubundnum hætti og gengið hnökralaust fyrir sig. Í Kirkjuferjuháleigu er ekki almenn móttaka á sorpi, einungis er tekið á móti úrgangi frá sorphirðum og fyrirtækjum að undanskildum bændum í næsta nágrenni þar sem ekki er nálægur gámaöllur í sveitarfélaginu.

Á árinu 2003 nam innvegið magn sorps samtals 16.687 tonnum sem er 3% aukning frá árinu 2002. Í viðauka 1 er að finna sundurliðun á þeim úrgangstraumum sem berast til urðunar í Kirkjuferjuháleigu. Sveitarfélögin á Suðurlandi skila samtals 12.907 tonnum til urðunar sem er 2,4 % aukning frá fyrra ári, en það er samt ekki heildartala úrgangs frá sveitarfélögum í Árnes- og Rangárvallasýslum þar sem 4,019 tonn eru urðuð hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu. Tekið var við 22 % meira af sláturúrgangi en árið á



undan. Um helmingur þess úrgangs var meðhöndlaður sláturúrgangur frá Kjötmjöli. Aðrir, sem eru einstök fyrirtæki á svæðinu komu með 1.046 tonn sem er 14 % minnkun. Tróð er notað sem þekjuefni á urðunarsvæðinu. Flutt voru 5.039 (4.033)

tonn af tróði frá Furu hf. á árinu í þessu skyni. Loka þurfti urðunarsvæðinu í 9 daga vegna veðurs og 6 daga var lokað hluta úr degi af sömu ástæðu.

Þann 5. desember var haldinn árlegur samráðsfundur með eftirlitsaðilum. Á fundinum var farið yfir sigvatnmælingar, magn og samsetningu úrgangs, kvartanir, gjaldskrá og önnur mál. Helstu atriði sem fram komu voru að:

Allar tilskyldar sigvatnmælingar fóru fram og ekki voru gerðar athugasemdir við niðurstöður úr þeim. Ekki hafa borist kvartanir vegna rekstursins á urðunarsvæðinu í Kirkjuferjuháleigu til Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eða Sorpstöðvar Suðurlands á árinu 2003.

Móttaka á ómeðhöndluðum sláturúrgangi var hverfandi.

Flokkunarverkefni á vegum sveitarfélaga og fyrirtækja

Brotajárn



Í Árnes- og Rangárvallasýslu söfnuðust á árinu 2.302 tonn af brotajárni sem er 32% samdráttur frá fyrra ári. Á nokkrum svæðum s.s. í Rangárvallasýslu og uppsveitum Árnessýslu dróst brotajárnsöfnunin saman um 50% milli ára. Samdráttur var í framboði á brotajárni á landsvísi á árinu. Nú er svo komið að gámar fyrir brotajárn eru staðsettir á 24 stöðum vítt og breitt um svæðið. Brotajárnið samanstendur af bílum, vélum, landbúnaðartækjum, girðingum,

bárujárn, varahlutum og járnhlutum ýmis konar. Það er mikilvægt til að draga úr kostnaði við þessa vinnslu, að sem minnst af öðrum eignum fylgi með járninu.

Endurvinnsla á járn.

Fura hf. í Hafnarfirði hefur tekið við brotajárninu af Suðurlandi. Hjá Furu er járníð fyrst grófflokkað, stórir járnhlutir teknir til hliðar en bílar og annað blandað efni er sett í tæta þar sem önnur efni en járn eru skilin frá.

Það tekur örskotsstund að breyta jeppa í litla járnhrúgu.

Önnur efni s.s. gúmmí, plast og svampur sem skilst frá eftir tætingu, efni sem í daglegu tali eru nefnd tróð, eru notuð sem þekjuefni við urðun hjá Sorpstöð Suðurlands og öðrum urðunarstöðum.


Skilagjald á bíla

1. janúar 2003 hófu bíleigendur að greiða úrvinnslugjald vegna ökutækja í þeirra eigu. 1. júlí 2003 hófst útborgun á skilagjaldi, kr 10.000, vegna ökutækja sem skilað er til endurvinnslu. Móttökustöðvar fyrir ökutæki eru á Selfossi, Hveragerði, Strönd, Flúðum og í Þorlákshöfn. Á árinu var tekið við 51 ökutæki og sveitarfélögunum greiddar 446 þúsund krónur í þóknun fyrir sitt hlutverk. Ekki hafa komið fram neinar kvartanir við framkvæmd kerfisins

Sláturúrgangur



Nýting á sláturúrgangi hófst hjá Kjötmjöli ehf. á haustdögum árið 2000. Tekið hefur verið við sláturúrgangi frá sláturhúsum og kjötvinnslum á höfuðborgarsvæðinu og Vestur- og Suðurlandi. Reksturinn árið 2003 gekk nokkuð vel sé litið til bilana og hráefna, en lítið var um stopp vegna bilana og tæp 6.500 tonn voru tekin til vinnslu, sem er í samræmi við upphaflegar áætlanir. Sjá nánar undir liðnum Kjötmjölsverksmiðja



hér fyrr í skýrslunni.

Skilagjaldsumbúðir



Sem fyrr stóðu landsmenn sig vel í aðgreiningu á dósnum og flöskum frá almennu heimilissorpi. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um skil á Suðurlandi, en gengið er út frá landsmeðaltali sem er um 14 kg á mann, samtals gerir þetta á svæðinu 216 tonn. Líklega mætti hækka töluna eitthvað þar sem sumarhúsanotendur á svæðinu eru ófáir.

Pappír



Sunnlendingar héldu áfram að flokka pappír og fernur til endurvinnslu eins og þeir hafa gert síðan 1996. Það var merkilegast á árinu að 1.000 tonna múrinn var brotinn. En frá upphafi hafa safnast yfir 1.000 tonn af pappír á Suðurlandi.

Árið 2003 söfnuðust 222 tonn af pappír.

Það er þriðjungs aukning frá fyrra ári. Sjá

meðfylgjandi stöplarit.

Að meðaltali flokkaði hver Sunnlendingur 13,7 kg af pappír í fyrra. Árangur einstakra sveitarfélaga er einnig mismunandi. Íbúar Árborgar voru þar öflugastir flokkuðu að meðaltali tæp 15 kg af pappír. Íbúar

Grímsnes- og Grafningshrepps með hjálp sumarbústaðagesta voru duglegastir við að koma fernunum í réttan farveg en þar söfnuðust 2 kg að meðaltali.


Til samanburðar þá voru íbúar höfuðborgarsvæðisins að skila 17 kg af pappír til endurvinnslu í fyrra.

Til fróðleiks er rétt að það komi fram að pappírinn og fernurnar eru sendar til Svíþjóðar í endurvinnslu, en á mynd 2 er einmitt verið að hlaða pappír í gám.

Fyrirtæki, stofnanir þá sérstaklega skólar eru í auknu mæli að taka þátt í þessu ferli.

Sorpstöð Suðurlands útvegar kassa til flokkunar dagblaða innandyra t.d. við skrifborð án endurgjalds. Pappírspokinn kom í verslanir sl. haust og hefur notkun hans bætt skil töluvert, sjá umfjöllun í kaflanum *ýmis verkefni* hér á eftir .

Nánari sundurliðun á árangri sveitarfélaganna er að finna í viðauka 2.



Fernur



Fernur eða samsettar pappambúðir eins og þær heita í reglugerð hefur verið safnað til endurvinnslu á Suðurlandi síðan 1997. Árangurinn hefur verið nokkuð jafn síðustu árin. Á síðasta ári söfnuðust 21 tonn á svæðinu sem er talið vera um 23 % skilahlutfall. 1.apríl 2003 hóf Úrvinnslusjóður að greiða úrvinnslugjald fyrir þær fernur sem komið er til endurvinnslu, þar af leiðandi á þessi söfnun að vera sveitarfélögunum að kostnaðarlausu.

Bylgjupappír



Undanfarin sex ár hefur Husl ehf. vinnustaður rekinn í tengslum við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Suðurlandi, tekið við bylgjupappa og dagblöðum. Starfsmenn hafa kurlað pappann og selt hann hestamönnum sem nota kurlað í stað spenis undir hestana. Rúmlega 20 tonn fara í gegn um Husl á ári, en tækjakostur Husls annar ekki meiru, þó markaðurinn fyrir pappakurlað sé mun stærri.

Timbur.



Timbur hefur verið flokkað sérstaklega í nokkrum sveitarfélögum og hefur ráðstöfun timbursins verið með ýmsum hætti, s.s. áramóta- og Jónsmessubrennur, urðun og kurlun, ekki eru til neinar magnmælingar á því timbri sem fer í þessa farvegi. Sorpstöð Suðurlands tók við 673 tonnum af timbri/byggingarúrgangi sem nýttist að mestu sem þekjuefni og flotefni á urðunarsvæðinu, þessi nýting hefur þó ekki verið skilgreind sem endurvinnsla.

Hjólbarðar.



Samkvæmt lögum er nú bannað að urða heila hjólbarða, en heimilt er að urða kurlaða hjólbarða fram til 2006. Í október kynnti Úrvinnslusjóður nýtt fyrirkomulag á innsöfnun og ráðstöfun hjólbarða. Árlega er talið að 69 tonn af dekkjum falli til á starfssvæði Sorpstöðvarinnar. 54 tonn af hjólbörðum komu inn á Kirkjuferju og Strönd 2003, en einnig fer töluvert af hjólbörðum beint til Furu eða Hringrásar. Ekki liggja fyrir tölur frá úrvinnslusjóði um mótttekið magn 2003.

Garðaúrgangur



Nokkur sveitarfélög hafa verið að taka við garðaúrgangi sérstaklega. Megnið af þeim 179 tonnum garðaúrgangs sem tekið er við á Strönd er nýttur í landgræðslu aðallega niður á Landeyjarsandi. Hrunamannahreppur og Árborg eru með vísi að jarðgerð en óþekkt er með magn sem meðhöndlað er á þann hátt. Einnig er rétt að geta þess að heimajarðgerð á garðaúrgangi er stunduð á upprunastað víða á svæðinu og ekki gerð tilraun til að meta magn þess úrgangs hér.

Spilliefni



Spilliefni er samheiti á ýmsum efnum sem hafa það sameiginlegt að hafa óæskileg áhrif á umhverfið. Spilliefnagjald er lagt á þessi efni í þeim tilgangi að tryggja að þeim sé skilað til réttrar meðhöndlunar að notkun lokinni. Spilliefnalistinn tekur sífelldum breytingum, nú er úrgangsolía talin með í heildartölu fyrir spilliefni. Úrgangsolían er að meðaltali 78 % allra spilliefna, taka verður tillit til þessa við samanburð milli ára. Sú breyting hefur orðið á að Spilliefnanefnd hefur verið lögð niður og hefur Úrvinnslusjóður tekið við hlutverki nefndarinnar.

Söfnun á leikföngum.

Eins og undanfarin ár var leikföngum safnað sérstaklega á gámasvæði Árborgar. Upphaflega var markmiðið meðal annars að athuga áhuga almennings á þessum farvegi og hefur reynslan verið að frekar lítið skilar sér í þessari söfnun en þau leikföng sem bárust voru flokkuð og síðan ráðstafað af RKÍ.

Föt og klæði



Í samvinnu við Suðurlandsdeild Rauðakrossins hefur verið boðið upp á móttöku á fötum og klæði á gámasvæði Árborgar. Þessi möguleiki hefur mælst vel fyrir en á milli 20 og 30 tonn safnast árlega af fötum. RKÍ hefur séð um flokkun á fatnaðinum. Hluti af fatnaðinum er nýttur í verkefni á vegum RKÍ, afgangurinn er seldur til Hollands og ágóðinn notaður í starf RKÍ.

Ýmis verkefni

Flokkunarkerki.

Fenúr hefur gefið út samræmd flokkunarkerki. Merkin eru myndrænar flokkunarleiðbeiningar sem eiga að auðvelda rétta flokkun og bæta ásýnd flokkunarstöðva. Fenúr selur merkin sem límmiða í stærðinni A5 og A3 en einnig er hægt að fá afnotarétt til annars konar notkunar. Merkin má nálgast á www.fenur.is



Upplýsingamál

Bæklingur í 10.000 eintökum var dreift á hvert heimili. Í júní var gefin út 3. útgáfa af bæklingnum. *Flokkunarmöguleikar og móttökustöðvar sorps á Suðurlandi*. Bæklingurinn var prentaður í 10.000 eintökum og var dreift inn á öll heimili á Suðurlandi, jafnframt var honum dreift í verslanir og sjoppur. Í bæklinum eru upplýsingar um flokkun, endurvinnslu og lýsing á þeim möguleikum sem íbúum, ferðafólki og fyrirtækjum stendur til boða á sviði flokkunar og endurvinnslu. Á bakhlið bæklingsins er kort af Suðurlandi þar sem flokkunar og móttökustaðir eru merktir inn á, kortið nýttist einnig vel ferðafólki sem vegakort.

Reynt hefur verið eftir mætti að reka áróður fyrir bættu umhverfi og tilhögun sorphirðu, förgunar og flokkunar.

Á **heimasíðu Sorpstöðvarinnar** er jafnan birt það helsta sem um er að vera í heimi endurvinnslu og úrgangsmeðhöndlunar. Jafnframt eru þar birtar fundargerðir og aðrar fréttir sem viðkoma rekstri stöðvarinnar. Slóðin er www.sudurland.is/sorpstod. Þá hefur Sorpstöðin auglýst reglulega í héraðsblöðum og víðar til að koma upplýsingum á framfæri.

Ný lög og reglugerðir

Þrjár nýjar reglugerðir í þessu sviði litu dagsins ljós.

Reglugerð 739/2003 Um brennslu

Reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs

Reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð 501/2003 um úrvinnslugjald.

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004 - 2016 gefin úr í apríl 2004.

Pappírspokinn

Sorpstöð Suðurlands lét útbúa pappírspoka sem er ætlað sama hlutverk og plasthöldupokinn sem keyptur er undir vörurnar út í búð, nema hvað að pappírspokinn hentar einstaklega vel til að safna í endurvinnsluhæfum pappír á heimilinu s.s. dagblöðum. Pokinn ásamt pappírnum fer svo beint í pappírssöfnunargáminn.

Pappírspokinn var framleiddur í 25.000 eintökum og honum dreift í helstu verslanir á svæðinu.

Kostir pokans eru helst þeir að hann dregur úr urðun á plasti og pappír, jafnframt auðveldar hann fólki að taka þátt í endurvinnsluferlinu og um leið að axla sína umhverfisábyrgð



Pappírsmjallid.

Sorpstöðin stóð fyrir verkefni um mat á magni pappírs inn á heimilin ásamt Sorpu. Markmið verkefnisins var að fá skýra hugmynd um hvað væri að berast af pappír inn á heimili landsmanna og nálgast þannig m.a. forsendur til útreikninga á hversu stórt hlutfall fer til endurvinnslu. Gera má ráð fyrir að 100 kg af pappír berist inn á hvert meðalheimili á ári. Sjá skýrslu í viðauka 3.

ABP 1774.

Haldin var á vegum European Compost Network ráðstefna um nýkomna tilskipun Evrópusambandsins sem tekur til úrgangs frá dýrum. Guðmundur Tryggvi fór til Maastricht 9 -10 október og sat ráðstefnuna. Í viðauka 4 er útdráttur á því helsta sem þar kom fram.

Fenúr.

Sorpstöð Suðurlands tekur virkan þátt í starfsemi Fenúr (Fagráði um endurnýtingu og úrgang.). Fenúr eru félagasamtök sem hafa það að markmiði að standa fyrir faglegri umræðu um sorphirðu og endurvinnslu. Hlutverk þess félags er miðlun traustra upplýsinga jafnframt því að eiga í alþjóðlegri samvinnu. Þannig má forðast mistök og ósamræmdar aðgerðir.

Tölfræði.

Sorpstöðin hefur beitt sér fyrir söfnun helstu upplýsinga er varða málaflokkinn. Í viðaukum er að finna dæmi um tölulegar upplýsingar sem haldið er utan um. Ljóst er að nokkuð skýr mynd er komin af hversu mikið magn úrgangsefna fellur til á Suðurlandi og hvernig þessum efnum er ráðstafað. Tölfræðilegar upplýsingar eru mikilvægar við forgangsriðun verkefna og allrar ákvörðunartöku.

Viðaukar

Viðauki 1; Tafla yfir magn og ráðstöfun einstakra efnisstrauma 1996 – 2004.

Viðauki 2; Stöplarit, árangur einstakra sveitarfélaga í söfnun pappírs til endurvinnslu 2003, reiknað sem kg/íbúa.

Viðauki 3; Samstarfsverkefnið Pappírshjallið.

Viðauki 4; Minnisblað frá ABP/1774 ráðstefnunni í Maastricht.

Viðauki 1: Tafla yfir magn og ráðstöfun einstakra efnisstrauma 1996 – 2004.

Úrgangur á svæði Sorpstöðvar Suðurlands								kg/íbúa	
Allar tölur í tonnum									
	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2003	
Kirkjuferjuháleiga									
Sveitarfélög	10.189	9.951	11.717	13.447	12.468	12.605	12.907	797	
Sláturhús	2.170	2.454	2.813	2.517	3.685	2.045	2.510	155	
Gámafyrirtæki.						323	224	14	
Aðrir	1.103	1.006	897	1.213	1.597	1.211	1.046	65	
Sorpst. Rang. Strönd						2.263	2.040	126	
Sláturhús						854	1.979	122	
Samtals, urðun.	13.462	13.411	15.427	17.177	17.750	19.301	20.706	1.279	
Sláturúrgangur/Kjöttmjöl				1.198	2.800	2.531	4.211	260	
Brotajárn	1.722	2.307	2.708	3.346	2.800	3.363	2.302	142	
Pappír	130	149	187	224	184	165	222	14	
Fernur	33	38	41	25	21	23	21	1	
Skilagjaldsambúðir	206	206	210	216	216	216	227	14	
Spilliefni		43	57	229	233	179	*ú		
Föt			24	36	39	40	40	2	
Plast					20	12	*p		
Timbur					20	50	50	3	
Veiðarfæri						28	*p		
Bylgjupappi					20	20	20	1	
Garðaúrgangur							180+		
Hjólbarðar							*ú		
Samt. endurv.	2.091	2.743	3.227	5.274	6.353	6.627	7.093	438	
íbúar						16.026	16.188		
Samt. Urðun + endurv	15.553	16.154	18.654	22.451	24.103	25.928	27.799		
<i>Hlutfall endurvinnslu</i>	13	17	17	23	26	26	26		
*ú = tölur vantar frá Úrvinnslusjóði			*p = tölur vantar frá Plasmótun hf						

Viðauki 2: ; Stöplarit, árangur einstakra sveitarfélaga í söfnun pappírs til endurvinnslu 2003, reiknað sem kg/íbúa.

